

REGLUR

um eiginfjáruka fyrir fjármálafyrirtæki vegna kerfisáhættu.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem hafa heimild til móttöku innlána skv. 3. gr., sbr. 20. gr., laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og viðhalda skulu eiginfjáruka vegna kerfisáhættu skv. 86. gr. g sömu laga.

Eiginfjárukanum skal viðhaldið á samstæðu- og einingargrunni, eftir því sem við á, sbr. 83. gr. d laga um fjármálafyrirtæki.

2. gr.

Hlutfall eiginfjáruka vegna kerfisáhættu.

Fjármálafyrirtæki, sem hafa heimild til móttöku innlána, skulu viðhalda eiginfjáruka vegna kerfisáhættu sem nemur 2% af áhættugrunni, vegna innlendra áhættuskuldbindinga, sbr. 86. gr. h og 1. tölul. 86. gr. i laga um fjármálafyrirtæki.

3. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli 86. gr. g laga um fjármálafyrirtæki, hafa verið samþykktar af fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands og öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 323/2020, um eiginfjáruka fyrir fjármálafyrirtæki vegna kerfisáhættu.

Seðlabanka Íslands, 3. desember 2024.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Haukur C. Benediktsson
framkvæmdastjóri.